

Nd. **641. Frumvarp til laga** [199. mál]
um innflutning búfjár.

(Eftir 3. umr. í Ed., 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 465 með þessari breytingu:

21. gr. hljóðar svo:

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum til ríkissjóðs, 1000—100000 krónum. Berist sjúkdómur til landsins vegna vanrækslu, varðar það þann, er vanrækslu hefur sýnt, starfs- og stöðumissi eða fangelsi, ef miklar sakir eru.

Ef lifandi dýr eru flutt til landsins án heimildar, sbr. 1. gr., varðar það sektum, eins og að ofan greinir, fyrir eiganda dýranna svo og fyrir skipstjóra þann eða flugstjóra á farartæki því, sem dýrin flutti, ef ætla má, að dýrin séu flutt með hans vitund.